

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 358/2003

frá 27. febrúar 2003

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 frá 31. maí 1991 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga ⁽¹⁾, einkum a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-hömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1534/91 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans með reglugerð gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga, sem snúast um samstarf að því er varðar:
 - ákvörðun um sameiginlegan taxa fyrir váttryggingaiðgjöld, sem byggist á sameiginlegri gagnasöfnun eða fjölda bótakrafna,
 - ákvörðun um staðlaða tryggingaskilmála,
 - sameiginlegar tryggingar fyrir tiltekna áhættuflokka,
 - uppgjör bótakrafna,
 - prófun og viðurkenningu á öryggisbúnaði,
 - skráningu og varðveislu upplýsinga um auknar áhættur.
- 2) Samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð (EBE) nr. 3932/92 frá 21. desember 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga,

ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði trygginga ⁽³⁾. Reglugerð (EBE) nr. 3932/92, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, fellur úr gildi 31. mars 2003.

- 3) Samningar varðandi uppgjör bótakrafna og skráningu og varðveislu upplýsinga um auknar áhættur njóta ekki undanþágu samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3932/92. Framkvæmdastjórnin taldi að hana skorti fullnægjandi reynslu í meðhöndlun einstakra mála til að geta nýtt sér það vald sem henni er falið með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 á þessum sviðum. Þetta ástand hefur ekki breyst.
- 4) Framkvæmdastjórnin samþykkti hinn 12. maí 1999 skýrslu ⁽⁴⁾ um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3932/92 og lagði hana fyrir ráðið og Evrópuþingið. Hinn 15. desember 1999 samþykkti efnahags- og félagsmálanefndin álit um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁵⁾. Þingið samþykkti hinn 19. maí 2000 ályktun um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁶⁾. Hinn 28. júní 2000 hélt framkvæmdastjórnin samráðsfund um reglugerðina með hagsmunaaðilum, þ.m.t. fulltrúar af váttryggingasviðinu og innlend samkeppnis-yfirvöld. Framkvæmdastjórnin birti í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* hinn 9. júlí 2002 drög að þessari reglugerð ásamt hvatningu til hagsmunaaðila um að koma athugasemdum á framfæri eigi síðar en 30. september 2002.
- 5) Ný reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita félögum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnsýslueftirlitið eins og framast er unnt. Einnig ber að hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem framkvæmdastjórnin hefur öðlast á þessu sviði frá árinu 1992, niðurstöðum samráðsins um skýrsluna frá 1999 og af samráðinu sem var undanfari þess að þessi reglugerð var samþykkt.
- 6) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1534/91 skal í undanþágureglugerð framkvæmdastjórnarinnar skilgreina þá flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem hún tekur til, tilgreina takmarkanir eða ákvæði, sem heimilt er eða óheimilt að setja í samninga og ákvarðanir og sett eru vegna samstilltra aðgerða, og tilgreina ákvæði, sem á að setja í samninga og ákvarðanir og sett eru vegna samstilltra aðgerða, eða önnur skilyrði sem ber að uppfylla.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 143, 7.6.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 163, 9.7.2002, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 398, 31.12.1992, bls. 7.

⁽⁴⁾ COM (1999) 192, lokaútg.

⁽⁵⁾ CES 1139/99.

⁽⁶⁾ PE A5-0104/00.

- 7) Engu að síður er við hæfi að leggja niður þá aðferð að telja upp undanþáguákvæði en leggja meiri áherslu á að skilgreina þá flokka samninga, sem eru undanþegnir ef tilteknum markaðsstyrk hefur ekki verið náð, og tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum. Þetta er í samræmi við nálgun sem byggist á efnahagslegum forsendum og mati á áhrifum samninga á viðeigandi markað. Þó ber að viðurkenna að á váttryggingasviðinu eru tilteknar tegundir samstarfs, sem taka til allra félaga á viðkomandi váttryggingamarkaði, og sem líta má á að uppfylli að öllu jöfnu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.
- 8) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem geta fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 9) Veiting hópunanþágu ætti að takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.
- 10) Samstarf milli váttryggingafélaga eða samtaka váttryggingafélaga um útreikning á meðalkostnaði við váttryggingu gegn tiltekinni áhættu í fortíðinni eða, þegar um er að ræða líftryggingar, um töflur yfir dánartíðni eða tíðni sjúkdóma, slysa og örorku, gerir þeim kleift að auka þekkingu sína á áhættunni og auðveldar áhættumat hjá einstökum félögum. Þetta getur síðan auðveldað markaðsaðgang og þar með komið neytendum til góða. Sama gildir um sameiginlegar rannsóknir á mögulegum áhrifum framandi aðstæðna, sem geta haft áhrif á fjölda bótakrafna eða það hversu háar þær eru, eða ágóða af mismunandi tegundum fjárfestinga. Nauðsynlegt er þó að sjá til þess að slíkt samstarf sé einungis undanþegið að því marki sem nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum. Því er rétt að kveða á um að samningar um iðgjöld til atvinnurekstrar verði ekki undanþegnir. Iðgjöld til atvinnurekstrar geta verið lægri en þær fjárhæðir, sem niðurstöður útreikningstaflnanna eða viðkomandi rannsókna gefa til kynna, því að váttryggingafélög geta notað tekjur af fjárfestingum til þess að lækka iðgjöld sín. Enn fremur skulu viðkomandi útreikningar, töflur eða rannsóknir vera valfrjáls og einungis til viðmiðunar.
- 11) Enn fremur, þeim mun stærri flokka sem tölfræðilegar upplýsingar um kostnað í fortíðinni við að váttryggja gegn tiltekinni áhættu eru flokkaðar í, því minna svigrúm hafa váttryggingafélög til að reikna iðgjöld á þrengri grundvelli. Því er rétt að sameiginlegir útreikningar á kostnaði við áhættur fram að þeim tíma séu undanþegnir, að því tilskildu að tiltækar, tölfræðilegar upplýsingar séu veittar eins sundurliðaðar og aðgreindar og telst viðunandi frá tryggingafræðilegu sjónarmiði.
- 12) Þar eð aðgangur að slíkum útreikningum, töflum og rannsóknum er nauðsynlegur, bæði váttryggingafélögum, sem starfa á viðkomandi landfræðilegum markaði eða váttryggingamarkaði, og þeim sem hafa í huga að koma inn á þann markað, skal veita þessum váttryggingafélögum aðgang að útreikningum, töflum og rannsóknum af þessu tagi með sanngjörnum skilmálum og án mismununar, miðað við þau váttryggingafélög sem þegar eru til staðar á þeim markaði. Slíkir skilmálar gætu t.d. falið í sér skuldbindingu af hálfu váttryggingafélags, sem starfar ekki enn á markaðnum, um að veita tölfræðilegar upplýsingar um bótakröfur ef það skyldi koma inn á markaðinn. Þeir gætu einnig falið í sér aðild að samtökum váttryggingafélaga, sem bera ábyrgð á að leggja fram útreikningana, að því tilskildu að váttryggingafélögum, sem ekki reka enn starfsemi á viðkomandi markaði, standi til boða slík aðild með sanngjörnum skilmálum og án mismununar. Þó teljast öll gjöld, sem váttryggingafélög, sem hafa ekki lagt neitt fram til útreikninganna, þurfa að greiða fyrir aðgang að slíkum útreikningum eða tengdum rannsóknum, ósanngjörn að því er þetta varðar ef þau eru svo há að þau hindra aðgang að markaðinum.
- 13) Áreiðanleiki sameiginlegra útreikninga, taflna og rannsókna eykst eftir því sem þau byggjast á fleiri tölfræðilegum upplýsingum. Innan váttryggingafélaga með háa markaðshlutdeild geta fallið til nægilegar, tölfræðilegar upplýsingar til þess að gera þeim kleift að gera áreiðanlega útreikninga, en félög með lága markaðshlutdeild munu ekki geta það og því síður ný félög á markaði. Leggi öll váttryggingafélög á markaði, þ.m.t. stóru félögin, til upplýsingar til sameiginlegra útreikninga, taflna og rannsókna stuðlar það að aukinni samkeppni með því að hjálpa minni váttryggingafélögum og auðveldar markaðsaðgang. Með hliðsjón af þessari sérstöðu váttryggingasviðsins er ekki rétt að undanþágur frá sameiginlegum útreikningum og rannsóknum séu háð viðmiðunarmörkum markaðshlutdeildar.
- 14) Staðlaðir tryggingaskilmálar eða einstök, stöðluð ákvæði og stöðluð líkön, sem sýna hagnað af líftryggingaskirteini, geta verið gagnleg. Þau geta t.d. falið í sér hagkvæmni fyrir váttryggingafélög, auðveldað markaðsaðgang litilla og óreyndra váttryggingafélaga, nýst váttryggingafélögum við að uppfylla lagaskyldur og neytendasamtök geta notað þau til viðmiðunar við samanburð á váttryggingasamningum sem mismunandi váttryggingafélög bjóða.
- 15) Staðlaðir tryggingaskilmálar mega þó ekki leiða til stöðlunar á váttryggingum eða skapa verulegt ójafnvægi á milli réttinda og skuldbindinga sem leiðir af samningnum. Til samræmis við það skal undanþágan einungis eiga við um staðlaða tryggingaskilmála, að því tilskildu að þeir séu valfrjálsir og þar komi skýrt fram að samstarfsfélögum sé frjálst að bjóða viðskiptavinum sínum mismunandi tryggingaskilmála. Enn fremur mega staðlaðir tryggingaskilmálar hvorki útiloka á kerfisbundinn hátt tilteknar tegundir áhættu

án skýrra ákvæða um að semja megi um það atriði sérstaklega né kveða á um að váttryggingatakin sé samningsbundinn í óhóflega langan tíma né fara út fyrir markmið váttryggingaskírteinisins í upphafi. Þetta er þó með fyrirvara um skyldu, samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum, um að tilteknar váttryggingar skuli taka til tilteknar áhættu.

- 16) Þá er nauðsynlegt að mæla fyrir um að allir hagsmunaaðilar, einkum váttryggingatakar, geti kynnt sér sameiginlegu, stöðluðu tryggingaskilmálana til að tryggja gagnsæi til hagsbóta fyrir neytendur.
- 17) Það að váttryggingaskírteini feli í sér tryggingu gegn áhættum, sem verulegur hluti váttryggingataka stendur ekki andspænis á sama tíma, getur komið í veg fyrir nýjungar með hliðsjón af því að samþætting óskyldra tegunda áhættu getur haft letjandi áhrif á váttryggingafélög til að bjóða aðskilda og sérstaka váttryggingavernd fyrir þær. Ákvæði, þar sem boðin er slík samsett trygging, skal því ekki heyra undir hópundanþágu. Þegar váttryggingafélögum ber, samkvæmt lagaskilyrði, að fella inn í váttryggingaskírteini váttryggingu gegn mismunandi áhættu, sem verulegur hluti váttryggingataka stendur ekki andspænis á sama tíma, telst það ekki hamla samkeppni ef staðlað ákvæði, sem endurspeglar slíkt lagaskilyrði, er sett inn í líkan að valfrjálsum samningi og slíkt heyrir ekki undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.
- 18) Hópar um samtryggingar eða samendurtryggingar (oft nefndir „samsteypur“) geta gert váttryggingafélögum og endurtryggingafélögum kleift að bjóða váttryggingar og endurtryggingar gegn áhættu, sem þau byðu annars einungis ófullnægjandi tryggingu gegn ef samlögin væru ekki fyrir hendi. Þau geta einnig stuðlað að því að váttrygginga- og endurtryggingafélög öðlist reynslu af tegundum áhættu sem þeim eru ekki kunnar. Þó geta slíkir hópar haft í för með sér samkeppnishömlur eins og stöðlun á váttryggingaskilmálum og jafnvel jöfnun váttryggingafjárhæða og iðgjalda. Því ber að mæla fyrir um aðstæður þar sem slíkir hópar geta notið góðs af undanþágu.
- 19) Að því er varðar alveg nýja áhættu er ómögulegt að vita fyrir fram hvers konar skilyrði þarf að uppfylla til að tryggja gegn áhættunni, eða hvort tveir eða fleiri slíkir hópar gætu boðið samhliða þess háttar tryggingar. Samnýtingarfyrirkomulag, sem einungis er ætlað fyrir samtryggingar eða samendurtryggingar gegn þessari nýju áhættu (ekki samsetningu nýrrar áhættu og áhættu sem er fyrir hendi), getur þar af leiðandi notið undanþágu í takmarkaðan tíma. Þrjú ár ættu að vera nægilegur tími til að safna fullnægjandi, eldri upplýsingum um bótakröfur til að hægt sé að meta hvort þörf sé á einni, einstakri samsteypu. Slíkir

hópar, sem hafa nýlega verið stofnaðir til þess að bjóða váttryggingu gegn nýrri áhættu, skulu því njóta undanþágu fyrstu þrjú árin samkvæmt þessari reglugerð.

- 20) Í skilgreiningunni á „nýrri áhættu“ er útskýrt að einungis áhætta, sem var ekki áður til staðar, fellur undir skilgreininguna, þar með er útilokuð áhætta sem t.d. hefur verið til staðar hingað til en ekki hefur verið tryggt gegn. Enn fremur fellur áhætta, sem getur breyst verulega (t.d. umtalsverð aukning á hryðjuverkastarfsemi), ekki undir skilgreininguna, þar sem áhættan er ekki ný í því tilviki. Ný áhætta útheimtir, samkvæmt eðli sínu, alveg nýja váttryggingu og viðbætur eða breytingar á váttryggingum, sem fyrir eru, geta ekki náð yfir hana.
- 21) Að því er varðar áhættu, sem er ekki ný, er viðurkennt að hópar um samtryggingar og samendurtryggingar, sem fela í sér samkeppnishömlur, geta einnig, við tilteknar, takmarkaðar aðstæður, falið í sér ávinning, sem réttlætir undanþágu frá 3. mgr. 81. mgr. sáttmálans, jafnvel þótt tveir eða fleiri váttryggingaaðilar í samkeppni gætu komið í stað þeirra. Þeir geta t.d. orðið til þess að meðlimir þeirra öðlist nauðsynlega reynslu á viðkomandi váttryggingasviði og stuðlað að kostnaðarlækkunum eða lægri iðgjöldum með sameiginlegum endurtryggingum með hagstæðum skilmálum. Þó er undanþága fyrir slíka hópa ekki réttmæt ef viðkomandi hópur nýtur verulegs markaðsstyrks, þar sem við þær aðstæður vega samkeppnishömlur, sem samsteypan hefur í för með sér, þyngra en mögulegur ávinningur.
- 22) Öllum slíkum hópum um samtryggingu og samendurtryggingu, sem hafa verið til í þrjú ár eða lengur eða voru ekki stofnaðir til að tryggja gegn nýrri áhættu, er því veitt undanþága samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að váttryggingarnar, sem meðlimir hópsins ábyrgjast, fari ekki yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk: 25% af viðkomandi markaði, þegar um er að ræða samendurtryggingahópa, og 20% þegar um er að ræða samtryggingahópa. Viðmiðunarmörkin fyrir samtryggingahópa eru lægri vegna þess að samtryggingasamsteypur geta falið í sér samræmda tryggingaskilmála og iðgjöld til atvinnurekstrar. Þessar undanþágu gilda þó einungis ef viðkomandi hópur uppfyllir frekari skilyrði, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem er ætlað að halda samkeppnishömlum milli meðlima hópsins í lágmarki.
- 23) Samsteypur, sem heyra ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar, geta uppfyllt skilyrði fyrir sérstaka undanþágu, allt eftir einkennum samlagsins og sérstökum skilyrðum á viðkomandi markaði. Að teknu tilliti til þess að margir váttryggingamarkaðir eru í sífelldri þróun, er sérstök greining nauðsynleg í hverju einstöku tilviki til þess að ákvarða hvort skilyrðunum í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans hafi verið fullnægt.

- 24) Hagstætt getur verið fyrir samtök váttryggingafélaga eða endurtryggingafélaga að samþykkja tækniforskriftir, reglur eða reglur um starfsvenjur varðandi öryggisbúnað og málsmeðferð við mat á því hvort öryggisbúnaður uppfylli þessar tækniforskriftir, reglur eða reglur um starfsvenjur, þar sem þetta getur veitt váttryggingafélögum og endurtryggingafélögum viðmiðun við mat á umfangi áhættunnar sem farið er fram á að þau tryggji gegn í tilteknu tilviki og ræðst af gæðum, uppsetningu og viðhaldi öryggisbúnaðar. Þegar til staðar eru á vettvangi Bandalagsins tækniforskriftir, flokkunarkerfi, reglur, málsmeðferð eða reglur um starfsvenjur, sem eru samhæfð í samræmi við löggjöf Bandalagsins um frjálsa vöruflutninga, er þó ekki rétt að veita samningum váttryggingafélaga um sama efni undanþágu með reglugerð, því að markmiðið með slíkri samhæfingu á evrópskum vettvangi er að mæla fyrir um tæmandi og fullnægjandi öryggisstig fyrir öryggisbúnað sem gilda á samræmdan hátt í öllu Bandalaginu. Sérhver samningur váttryggingafélaga um aðrar kröfur til öryggisbúnaðar getur grafið undan því að þessu markmiði verði náð.
- 25) Að því er varðar uppsetningu og viðhald öryggisbúnaðar geta samningar milli váttryggingafélaga, þar sem mælt er fyrir um tækniforskriftir eða viðurkenningsaðferðir, sem eru notaðar í einu eða fleiri aðildarríkjum, notið undanþágu með reglugerð að svo miklu leyti sem slík samhæfing er ekki fyrir hendi á vettvangi Bandalagsins. Þó er rétt að undanþágan sé með fyrirvara um tiltekin skilyrði, einkum að sérhverju váttryggingafélagi verði áfram frjálst að samþykkja að tryggja, með eigin skilmálum og skilyrðum, öryggisbúnað og fyrirtæki, sem annast uppsetningu og viðhald, sem ekki hafa hlotið sameiginlegt samþykki.
- 26) Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella hópundunþáguna úr gildi hafi einstakir samningar, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, engu að síður áhrif sem brjóta í bága við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans eins og hún hefur verið túlkuð með stjórn-sýsluvenjum framkvæmdastjórnarinnar og dómaframkvæmd dómstólsins. Þetta getur einkum átt sér stað ef rannsóknir á síðari tíma áhrifum byggjast á forsendum, sem engin rök eru fyrir, ef tillögur að almennum tryggingaskilmálum fela í sér samningsákvæði sem leiða til ójafnvægis milli skuldbindinga og réttinda, váttryggingataka í óhag, ef hópar eru notaðir eða þeim stjórnad þannig að eitt eða fleiri samstarfsfélög nái verulegum markaðsstyrk á viðkomandi markaði eða ef hópmyndun leiðir til skiptingar markaðarins.
- 27) Til þess að greiða fyrir gerð samninga, sem geta haft í för með sér mikilvægar fjárfestingarákvarðanir, er rétt að láta reglugerðina gilda í sjö ár.
- 28) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálans.

Í samræmi við meginregluna um forgang Bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, hindra samræmda beitingu sameiginlegra markaðnum né koma í veg fyrir að hverjar þær ráðstafanir, sem eru samþykktar til framkvæmdar þessum reglum, þ.m.t. þessi reglugerð, hafi full áhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

UNDANÞÁGA OG SKILGREININGAR

1. gr.

Undanþága

Hér með er staðfest, á grundvelli 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar, að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildir ekki um samninga sem tvö eða fleiri félög á váttryggingasviði (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“) gera sín í milli að því er varðar:

a) sameiginlega gerð og dreifingu á:

— útreikningum á meðalkostnaði í fortíðinni við að tryggja gegn tiltekinni áhættu (hér á eftir nefndir „útreikningar“),

— töflum yfir dánartíðni og töflum sem sýna tíðni sjúkdóma, slysa og örorku (hér á eftir nefndar „töflur“) í tengslum við váttryggingar sem fela í sér fjármögnun,

b) sameiginlega framkvæmd rannsókna á hugsanlegum áhrifum utanaðkomandi aðstæðna, sem hagsmunaaðilar ráða engu um, á fjölda bótakrafna eða það hversu háar þær verða í framtíðinni vegna tiltekinna áhættu eða áhættuflokks eða á arðsemi mismunandi tegunda fjárfestinga (hér á eftir nefndar „rannsóknir“) og dreifingu á niðurstöðum þessara rannsókna,

c) sameiginlega gerð og dreifingu valfrjálsra, staðlaðra tryggingaskilmála fyrir frumtryggingar (hér á eftir nefndir „staðlaðir tryggingaskilmálar“),

d) sameiginlega gerð og dreifingu líkana sem eru ekki skuldbindandi, sem sýna hagnað af váttryggingaskírteinum sem fela í sér fjármögnun (hér á eftir nefnd „líkön“),

e) stofnun og rekstur hópa váttryggingafélaga eða váttryggingafélaga og endurtryggingafélaga, til að tryggja sameiginlega gegn tilteknum áhættuflokki með samtryggingu eða samendurtryggingu, og

f) gerð, viðurkenningu og dreifingu á:

- tækniforskriftum, reglum eða reglum um starfsvenjur varðandi gerðir öryggisbúnaðar ef ekki eru fyrir á vettvangi Bandalagsins tækniforskriftir, flokkunarkerfi, reglur, málsmeðferðir eða reglur um starfsvenjur, samhæfðar í samræmi við löggjöf Bandalagsins um fjálsa vöruflutninga og málsmeðferð við mat og viðurkenningu á að öryggisbúnaðurinn uppfylli slíkar forskriftir, reglur eða reglur um starfsvenjur,
- tækniforskriftum, reglum eða reglum um starfsvenjur að því er varðar uppsetningu og viðhald á öryggisbúnaði, og málsmeðferð við mat og viðurkenningu á að öryggisbúnaðurinn uppfylli slíkar forskriftir, reglur eða reglur um starfsvenjur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Samningur“: samningur, ákvörðun samtaka félaga eða samstillt aðgerð,
2. „Samstarfsfélög“: félög sem eiga aðild að samningi sem og tengd félög þeirra,
3. „Tengd félög“:
 - a) félög þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
 - i) ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
 - ii) getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn félagsins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd félagsins, eða
 - iii) á rétt á að stýra rekstri félagsins,
 - b) félög sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í félagi sem á aðild að samningnum,
 - c) félög þar sem félag, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið,
 - d) félög þar sem samningsaðili og eitt eða fleiri félaganna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu félögunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
 - e) félög þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - i) samningsaðila eða tengdra félaga hvers þeirra sem um getur í a- til d-lið, eða

ii) eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum félögum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila.

4. „Staðlaðir tryggingaskilmálar“: ákvæði í líkönunum að eða viðmiðunarváttryggingasamningum sem váttryggingafélög eða aðilar eða samtök váttryggingafélaga útbúa í sameiningu,
5. „Samtryggingahópar“: hópar sem váttryggingafélög mynda og:
 - i) samþykka að tryggja tiltekinn áhættuflokk í nafni og á ábyrgð allra þátttakenda, eða
 - ii) fela einu váttryggingafélagi, sameiginlegum miðlara eða sameiginlegri stofnun, sem er sérstaklega mynduð til þess, að sjá um tryggingar í tilteknum áhættuflokki og umsýslu sem því tengist í nafni og á ábyrgð allra.
6. „Samendurtryggingahópar“: hópar sem váttryggingafélög mynda, e.t.v. með aðstoð eins eða fleiri endurtryggingafélaga,
 - i) til að endurtryggja í sameiningu allar ábyrgðir sínar gagnvart tilteknum áhættuflokki,
 - ii) að taka á sig, þar að auki, ábyrgð á endurtryggingu sama áhættuflokks í nafni og fyrir hönd allra þátttakenda.
7. „Nýjar áhættur“: áhættur sem voru ekki til staðar áður og útheimta því að þróuð sé alveg ný váttrygging gegn þeim sem felst þó ekki í því að váttrygging, sem fyrir er, sé rýmkuð, bætt sé við hana eða skipt um hana.
8. „Öryggisbúnaður“: ihlutir og búnaður, sem ætlað er að koma í veg fyrir og draga úr tjóni, og kerfi úr slíkum þáttum.
9. „Iðgjald til atvinnurekstrar“: gjaldið sem kaupandi váttryggingaskírteinis greiðir.

II. KAFLI

SAMEIGINLEGIR ÚTREIKNINGAR, TÖFLUR OG RANNSÓKNIR

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í a-lið 1. gr., gildir, að því tilskildu að útreikningarir eða töflurnar:
 - a) byggist á gagnasöfnun yfir nokkur áhættuár sem hafa verið valin sem úrtakstímabil og ná yfir nægilega margar tegundir áhættu af sömu eða sambærilegri gerð til að mynda grunn að tölfræðilegum athugunum, sem hægt er að vinna úr tölulegar upplýsingar um, m.a.:
 - fjölda bótakrafna á fyrrnefndu tímabili,

- fjölda einstakra tegunda áhættu sem tryggðar eru á hverju áhættuári úrtakstímabilsins,
- heildarfjárhæð sem var eða greiða skyldi í bótum á tilteknu tímabili,
- heildartryggingafjárhæð á hverju áhættuári úrtakstímabilsins,

b) feli í sér eins nákvæma sundurliðun á tiltækum, tölfræðilegum upplýsingum og telst tryggingafræðilega viðunandi,

c) feli ekki í sér á nokkurn hátt álag vegna neyðartilvika, tekjur af sjóðum, skrifstofu- eða rekstrarkostnað, skatta eða önnur gjöld, né taki tillit til tekna af fjárfestingum eða áætlaðs hagnaðar.

2. Undanþágurnar, sem kveðið er á um bæði í a- og b-lið 1. gr., gilda, að því tilskildu að útreikningarnir, töflurnar eða niðurstöður rannsókna:

- a) innihaldi ekki nöfn hlutaðeigandi váttryggingafélaga eða nokkurs tryggingartaka,
- b) innihaldi, við samantekt og dreifingu, yfirlýsingu um að gögnin séu valfrjáls,
- c) séu látin í té sérhverju váttryggingafélagi, sem óskar eftir afriti af þeim, með sanngjörnum skilmálum og án mismununar, þ.m.t. tryggingafélög sem eru ekki starfandi á þeim landfræðilega markaði eða váttryggingamarkaði sem útreikningarnir, töflurnar eða rannsóknaniðurstöðurnar vísa til.

4. gr.

Samningar sem njóta ekki undanþágu

Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir ekki ef samstarfsfélög mynda með sér samtök um eða skuldbinda sig til að nota ekki aðra útreikninga eða töflur en samþykkt hafa verið í samræmi við a-lið 1. gr. eða vika ekki frá þeim rannsóknarniðurstöðum sem um getur í b-lið 1. gr. eða skylda önnur félög til þess.

III. KAFLI

STAÐLAÐIR TRYGGINGASKILMÁLAR OG LÍKÖN

5. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í c-lið 1. gr., gildir, að því tilskildu að:

- a) staðlaðir tryggingaskilmálar séu samdir og þeim dreift ásamt yfirlýsingu um að þeir séu valfrjálsir og að ekki sé mælst til notkunar þeirra á nokkurn hátt,
- b) í skilmálunum sé þess getið sérstaklega að samstarfsfélögum sé frjálst að bjóða viðskiptavinum sínum aðra tryggingaskilmála, og

c) allir, sem áhuga hafa, geti kynnt sér skilmálana ef þeir æskja þess.

2. Undanþágan, sem um getur í d-lið 1. gr., gildir því aðeins að líkönin, sem eru ekki skuldbindandi, séu gerð og þeim dreift til leiðbeiningar eingöngu.

6. gr.

Samningar sem undanþágan tekur ekki til

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í c-lið 1. gr., gildir ekki ef staðlaðir tryggingaskilmálar fela í sér ákvæði sem:

- a) tilgreina á einhvern hátt hversu há iðgjöld til atvinnurekstrar eru,
- b) tilgreina fjárhæð váttryggingarinnar eða fjárhæð sem váttryggingataka verður sjálfur að greiða („sjálfsábyrgð“),
- c) bjóða eingöngu samsettar tryggingar, sem fela í sér váttryggingu gegn hættum sem verulegur hluti váttryggingataka stendur ekki andspænis á sama tíma,
- d) heimila váttryggingafélagi að viðhalda skírteini þótt það felli hluta af honum úr gildi, hækki iðgjald án þess að breyta áhættu eða umfangi tryggingarinnar (sbr. þó verðbreytingaákvæði) eða breyti skilmálum tryggingasamnings án sérstaks samþykkis váttryggingatakans,
- e) heimila váttryggingafélagi að breyta skilmálum skírteinisins án sérstaks samþykkis váttryggingatakans,
- f) skylda váttryggingataka, sem kaupir aðrar váttryggingar en líftryggingar, að semja til lengri tíma en þriggja ára,
- g) gera það að skilyrði að endurnýjað sé til meira en eins árs í senn þegar skírteini er endurnýjað sjálfkrafa, nema tilkynnt sé um annað þegar tiltekið tímabil er liðið,
- h) skylda váttryggingataka til að ganga inn í samning á ný, hafi skírteinið verið fellt niður vegna þess að tiltekin áhætta sé ekki lengur fyrir hendi, ef hætta sama eðlis skapast á ný,
- i) skylda váttryggingataka til að leita til sama váttryggingafélags vegna mismunandi áhættu,
- j) skylda váttryggingataka, sem lætur hlut af hendi sem hefur verið tryggður, til að láta þann, sem tekur við hlutnum, einnig taka við váttryggingaskírteininu,
- k) undanskilja eða takmarka tryggingu gegn áhættu ef váttryggingataka notar öryggisbúnað eða leitar til fyrir-tækja, sem annast uppsetningu eða viðhald, sem eru ekki viðurkennd í samræmi við viðkomandi forskriftir sem ein eða fleiri samtök váttryggingafélaga hafa komist að samkomulagi um í einu eða fleiri aðildarríkjum eða á evrópskum vettvangi.

2. Félög eða samtök félaga, sem hafa gert með sér samning um að beita ekki eða skylda önnur félög til að beita ekki öðrum skilmálum en stöðluðum tryggingaskilmálum sem komið er á samkvæmt samningi milli samstarfsfélaganna, skulu ekki njóta undanþágunnar sem kveðið er á um í c-lið 1. gr.

3. Með fyrirvara um setningu sérstakra tryggingaskilmála handa tilteknum þjóðfélagshópum eða starfsstéttum gildir undanþágan, sem kveðið er á um í c-lið 1. gr., ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem undan-skilja tiltekna áhættuflokka vegna sérstakra aðstæðna váttryggingataka.

4. Undanþágan, sem kveðið er á um í d-lið 1. gr., gildir ekki, með fyrirvara um lagalegar skuldbindingar, ef líkön, sem eru ekki skuldbindandi, fela eingöngu í sér upplýsingar um vexti eða tölur yfir skrifstofu- og rekstrarkostnað.

5. Félög eða samtök félaga, sem ákveða, í samráði við önnur félög eða sjálf, að nota ekki önnur líkön, sem sýna hagnað af váttryggingaskírteinum en þau sem komið var á samkvæmt samningi milli samstarfsfélaganna eða skylda önnur félög til þess, skulu ekki njóta undanþágunnar sem kveðið er á um í d-lið 1. gr.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEG TRYGGING GEGN TILTEKNUM TEGUNDUM ÁHÆTTU

7. gr.

Beiting undanþágu og viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar hópa um samtryggingar eða samendurtryggingar, sem eru myndaðir eftir gildistöku þessarar reglugerðar til þess að tryggja eingöngu gegn nýrri áhættu, gildir undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr., í þrjú ár frá stofndegi hópsins án tillits til markaðshlutdeilda hans.

2. Að því er varðar hópa um samtryggingar eða samendurtryggingar, sem heyra ekki undir gildissvið fyrstu málsgreinar (vegna þess að þeir hafa verið til í meira en þrjú ár eða voru ekki myndaðir til þess að tryggja gegn nýrri áhættu) gildir undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr. svo lengi sem þessi reglugerð er í gildi, að því tilskildu að váttryggingar, sem samstarfsfélög ábyrgjast innan hópsins eða samið er um fyrir hönd þeirra, séu ekki á neinum markaði sem um er að ræða:

- a) hjá samtryggingahópum: meira en 20% af viðkomandi markaði,
- b) hjá samendurtryggingahópum: meira en 25% af viðkomandi markaði.

3. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í annarri málsgrein, skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli tekna af bókfærðu iðgjaldi; ef upplýsingar um tekjur af bókfærðu iðgjaldi liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þ.m.t. váttryggingaverndin sem veitt er eða váttryggingafjárhæð, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi félags,
- b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,
- c) markaðshlutdeild félaganna, sem um getur í e-lið 3. mgr. 2. gr., skal skipt jafnt milli þeirra félaga sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 3. mgr. 2. gr.

4. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í a-lið annarrar málsgreinar, er ekki meiri en 20% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 22% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr., áfram samfelld næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 20% markaðshlutdeild.

5. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í a-lið annarrar málsgreinar, er ekki meiri en 20% en fer síðan yfir 22% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 22% markaðshlutdeild.

6. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 4. og 5. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

7. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í b-lið annarrar málsgreinar, er ekki meiri en 25% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 27% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr., áfram samfelld næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.

8. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í b-lið annarrar málsgreinar, er ekki meiri en 25% en fer síðan yfir 27% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 27% markaðshlutdeild.

9. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 7. og 8. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

8. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

Undanþágan, sem kveðið er á um í e-lið 1. gr., gildir, að því tilskildu að:

- a) hvert samstarfsfélag hafi rétt til að ganga úr hópnum með uppsagnarfresti, sem má ekki vera lengri en eitt ár, án þess að sæta viðurlögum,

- b) samkvæmt reglum hópsins sé engum meðlimi hópsins skylt, að öllu leyti eða að hluta, að tryggja eða endurtryggja fyrir milligöngu hópsins gegn einhverri áhættu, sem hópurinn tryggir gegn,
- c) reglur hópsins takmarki ekki starfsemi hópsins eða meðlima hans við tryggingar eða endurtryggingar gegn áhættum innan tiltekens landsvæði innan Evrópusambandsins,
- d) samningurinn takmarki ekki framleiðslu eða sölu,
- e) samkvæmt samningnum sé mörkuðum eða viðskiptavinum ekki skipt á milli félaga,
- f) meðlimir samendurtryggingahóps geri ekki samning sín á milli um iðgjöld til atvinnurekstrar fyrir frumtryggingu, og
- g) enginn meðlimur hópsins eða félag, sem hefur afgerandi áhrif á viðskiptastefnu hópsins, er einnig meðlimur eða hefur afgerandi áhrif á viðskiptastefnu annars hóps sem starfar á sama viðkomandi markaði.
- g) mat á samræmi leggi ekki fjárhagslega byrði á umsækjanda sem er ekki í samræmi við raunverulegan matskostnað,
- h) búnaður og uppsetningar- og viðhaldsfyrirtæki, sem uppfylla matsskilyrði, séu viðurkennd án mismununar innan sex mánaða frá umsókn, nema tæknilegar forsendur krefjist lengri frests innan hæfilegra marka,
- i) viðurkenningin eða samræmið sé staðfest skriflega,
- j) umsækjandi fái skriflegar ástæður fyrir því að viðurkenningarskjalið var ekki veitt með því að láta afrit af eftirlits- og prófunarskjölum fylgja,
- k) skriflegar ástæður fyrir því að beiðni um mat er ekki tekin til greina séu gefnar, og
- l) stofnanir sem beita tækniforskriftunum og reglum, séu viðurkenndar í samræmi við staðlana í röð EN 45 000 og í EN ISO/IEC 17025.

V. KAFLI

ÖRYGGISBÚNAÐUR

9. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

Undanþágan, sem kveðið er á um í f-lið 1. gr., gildir, að því tilskildu að

- a) tækniforskriftir og mat á samræmi sé nákvæmt, tæknilega rökstutt og raunhæft miðað við tilgang öryggisbúnaðarins sem um er að ræða,
- b) reglur um mat á fyrirtækjum, sem setja upp öryggisbúnaðinn eða sjá um viðhald hans, séu hlutlægar og miðaðar við tæknilega getu þeirra án mismununar,
- c) þegar slíkar forskriftir og reglur eru samþykktar og þeim dreift fylgi þeim yfirlýsing þess eðlis að váttryggingafélögum sé frjálst að samþykka að tryggja annan öryggisbúnað eða uppsetningar- og viðhaldsfyrirtæki, með þeim skilmálum og skilyrðum sem þau óska, þótt þau séu ekki í samræmi við tækniforskriftirnar eða reglurnar,
- d) allir, sem áhuga hafa, geti fengið og kynnt sér forskriftirnar og reglurnar,
- e) í skráum yfir öryggisbúnað og uppsetningar- og viðhaldsfyrirtæki, sem uppfylla tækniforskriftirnar, sé flokkun sem tekur mið af notagildi,
- f) umsækjandi geti beiðið um mat hvenær sem er,

VI. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

10. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella niður undanþágu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við 7. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1534/91, komist hún að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu aðildarríkis, einstaklings eða lögaðila sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) rannsóknirnar, sem undanþágan í b-lið 1. gr. gildir um, byggjast á örökstuddum tilgátum,
- b) staðlaðir tryggingaskilmálar, sem undanþágan í c-lið 1. gr. gildir um, hafa að geyma samningsákvæði, sem leiða til ójafnvægis milli skuldbindinga og réttinda, váttryggingataka í óhag,
- c) með tilliti til sameiginlegra trygginga gegn tilteknum áhættuflokkum, sem undanþágan í e-lið 1. gr. gildir um, getur stofnun eða starfsemi hópsins, af ástæðum, er varða skilyrði fyrir aðgangi, skilgreiningar á áhættu, sem til stendur að tryggja gegn, eða samninga um endurtryggingar, eða með öðru móti, leitt til skiptingar á markaðnum fyrir viðkomandi váttryggingar eða skylda starfsemi.

11. gr.

Aðlögunartímabil

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, gildir ekki á tímabilinu frá 1. apríl 2003 til 31. mars 2004 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. mars 2003 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 3932/92.

12. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 2003. Hún fellur úr gildi 31. mars 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.
